

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Skrifstofa orku; iðnaðar- og viðskipta
Dagsetning: 25.02.2021
Málsnúmer: ANR20070337
Bréfalykill: 04.01.01

Efni: 151. lgb. FIN - Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um einföldun regluverks (bandormur um einföldun regluverks).

Með tölvupósti ritara efnahags- og viðskiptanefndar dags. 16. febrúar sl. kom fram ósk formanns nefndarinnar um að ráðuneytið tæki saman minnisblað þar sem fram kæmi afstaða til þeirra athugasemda sem fram koma í umsögnum sem nefndinni bárust um frumvarp ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar á regluverki. Í minnisblaði þessu kemur afstaða ráðuneytisins fram.

Viðurkenning bókara

Í umsögn Félags viðurkenndra bókara er m.a. fjallað um kosti viðurkenningar bókara, um mikilvægi hæfni og þekkingar á bókhaldsstörfum og að starfsstéttin sé búin að festa sig í sessi enda mikil eftirspurn í atvinnulífinu eftir hæfum bókurum. Fram kemur að félagið telji enn nauðsyn á gæðastimpli bókara á íslenskum markaði og leggur til að kröfur sem gerðar eru til viðurkenndra bókara í reglugerð um próf til viðurkenningar bókara, nr. 649/2019, verði uppfærðar og að ráðuneytið, eða aðrir sambærilegir aðilar, standi áfram að prófum, t.d. í samráði við fagaðilafélögin eða aðra aðila.

Að mati ráðuneytisins leiðir umsögnin ekki til þess að rétt sé að gera breytingar á frumvarpinu. Líkt og fram kemur í umsögninni hefur starfsstéttin fest sig í sessi og fleiri menntastofnanir bjóða nú upp á bókhaldsnám en áður. Ráðuneytið bendir á að félagið getur t.d. tekið upp skilyrði um aðild að félaginu með frjálstri vottun eða annarri málefnalegri aðferð, án beinnar aðkomu stjórnvalda.

Í umsögn prófnefndar viðurkenndra bókara er gerð athugasemd við tímamark það sem prófnefnd skuli ljúka störfum eftir að prófhaldi til viðurkenningar bókara verði hætt. Kemur fram að dagsetningin 1. janúar 2023 sé óraunhæf og lagt til að hún verði 1. apríl 2023. Bent er á að í frumvarpinu er lögð til dagsetningin 1. mars. Í umsögninni er einnig lagt til að miðað verði við 1. apríl 2024 þar sem próftakar hafa almennt þrjú ár frá dagsetningu fyrsta prófs til að ljúka öllum prófum og því geti þeir sem hófu próftöku haustið 2020 gert ráð fyrir því að hafa fram til upphaf árs 2024 til að ljúka prófum. Í umsögninni er einnig lagt til að aðilar geti hafið prófraun haustið 2021 og þá væntanlega lokið því fyrir 1. apríl 2023.

Ráðuneytið bendir á að ef miðað er við tímamörk þau sem lögð eru til í frumvarpinu hafa próftakar fram til byrjun árs 2023 til að ljúka prófi. Vera kann að einhverjum takist ekki að ljúka prófum á þeim tíma en þó verður ekki talið að tímamörkin þrengi um of að rétti próftaka. Þá bendir ráðuneytið á að tillaga prófnefndarinnar um að aðilar geti hafið prófraun síðar var tekin til greina eftir að drög að frumvarpinu voru birt á samráðsgátt stjórnvalda og er í frumvarpinu eins og það var lagt fram á Alþingi.

Í umsögn hagsmunahóps bókhaldsstofa innan SVÞ er fjallað um vinnu innan SVÞ um greiningu á því hvort efnahagslegar forsendur standi til þess að bókhaldsstofur komi á fót eigin viðurkenningu á hæfni og þekkingu á sviði bókhalds og tengdra þátta. Kemur fram að undirbúningurinn sé ekki langt

kominn og að óbreyttu virðist ómögulegt að þeirri vinnu verði lokið þegar til lögfestingar frumvarpsins komi. Er því í umsögninni lagt til að gildistöku I. kafla og 12. gr. frumvarpsins, sem ráðuneytið skilur sem vísun til ákvæðis til bráðabirgða en ekki til gildistökuákvæðis frumvarpsins í heild sinni, verði frestar til 1. janúar 2023. Ráðuneytið bendir á að haldin verða próf til viðurkenningar bókara þar til prófnefnd lýkur störfum í síðasta lagi 1. mars 2023. Ekki verður því séð að tillaga sú sem birtist í umsögn SVP gangi lengra en lagt er til í frumvarpinu og líkt og vikið hefur verið að er það mat ráðuneytisins að ekki sé tilefni til að fresta breytingunni til lengri tíma.

Umsögn Procura Home

Í umsögn Procura Home eru reifaðar athugasemdir við framkvæmd eftirlits með störfum fasteignasala og mál umboðsmanns Alþingis nr. 9446/2017, sem einnig er vikið að í greinargerð frumvarpsins. Eftirlit með störfum fasteignasala er í höndum sjálfstæðrar stjórnarsýslunefndar og sæta ákvarðanir hennar kærur til ráðherra líkt og vikið verður að. Ráðuneytið bendir á að í skýringum við 2. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 70/2015 kemur fram hvernig skýra beri efnislegt inntak einkaréttar fasteignasala á milligöngu um sölu fasteigna og skipa. Þá eru ýmis verkefni fasteignasala tiltekin í lögum og ljóst að einkarétturinn tekur til þeirra. Eitt verkefna fasteignasala við milligöngu um sölu fasteigna er að auglýsa fasteignir til sölu sem hluta af sölumeðferð þeirra. Að mati ráðuneytisins verður ekki litið svo á að þeir miðlar sem birta slíkar auglýsingar verði taldir stunda milligöngu. Þá leiðir af tillögu frumvarpsins, og álitum umboðsmanns Alþingis í framangreindu máli, að um meðferð mála sem varða lokun starfsstöðvar gilda stjórnarsýslulög og að slíkar ákvarðanir séu kærnanlegar til ráðherra í samræmi við VII. kafla stjórnarsýslulaga. Ekki er tækt að gagnálykta frá 5. mgr. 18. gr. laganna þannig að stjórnarsýslulög gildi ekki um aðrar ákvarðanir á grundvelli laganna, enda felur 5. mgr. 18. gr. í sér að í lögum nr. 70/2015 kunni að vera vikið frá ákvæðum stjórnarsýslulaga í afmörkuðum tilfellum sem lúta að áminningu og tímabundinni sviptingu löggildingar, svo sem gert er varðandi kærufrest slíkra mála í 4. mgr. 23. gr. laganna sem ákveðinn er 30 dagar í stað 3 mánaða skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993. Þá leiðir einnig af 1. mgr. 26. gr. stjórnarsýslulaga að í lögum þarf að koma skýrt fram ef stjórnvaldsákvörðun er undanskilin kærurétti aðila máls skv. 1. mgr. 26. gr., sbr. einnig álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 9547/2017. Líkt og fram kemur í greinargerð frumvarpsins og áður nefndu álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 9446/2017 er beiðni eftirlitsnefndar fasteignasala til sýslumanns ekki stjórnvaldsákvörðun og afstaða sýslumanns ekki heldur. Með tillögu frumvarpsins felst að ákvörðun eftirlitsnefndar fasteignasala um að loka starfsstöð með atbeina lögreglu er stjórnvaldsákvörðun sem er kærnanleg til ráðherra í samræmi við meginreglu stjórnarsýsluréttar og um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnarsýslulögum.

Umsögn Myndstefs

Í umsögn Myndstefs er m.a. fjallað um erfiðleika við innheimtu fylgiráttargjalds af sölu listmuna á frjálsum uppboðum. Í greinargerðinni eru listuð upp uppboð sem ekki voru leyfi fyrir, en í tillögu frumvarpsins felst að felld er niður leyfis skylda vegna slíkra uppboða. Þá er fjallað um efni tilskipunar 2001/84/EB, um leyfis skyldu á starfsemi uppboðshaldara og endursöluaðila listmuna og erfiðleika við innheimtu fylgiráttargjalds sem leiði til skakkrar samkeppnisstöðu þeirra sem samvisskusamlega standa skil á fylgiráttargjaldi og þeirra sem gera það ekki. Ráðuneytið hefur fullan skilning á athugasemdum Myndstefs en líkt og bent er á í umsögninni eru listmunir frábrugðnir öðrum lausafjarmunum og leyfis skylda frjálsra uppboða tekur til allra lausafjarmuna en ekki aðeins listmuna. Umsögnin leiðir því að mati ráðuneytisins ekki til þess að rétt sé að gera breytingar á efni frumvarpsins en verði frumvarpið samþykkt í þeirri mynd sem það var lagt fram í falla reglur um fylgiráttargjald og innheimtu þess alfarið undir mennta- og menningarmálaráðuneytið sem er til einföldunar á málaflokknum og felur í sér skýrari ábyrgð á framkvæmd á innheimtu fylgiráttargjalds og hvernig kunni að vera hægt að koma innheimtu þess í betra horf en nú er.